

## Foreldraráð Kiðagils

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og fræðsluráðs, sbr. 2 mgr. 4 gr., um skólanámsskrá og aðrar áætlanir sem varða starfssemi leikskólans. Ráðið skal fylgjast með framkvæmt skólanámsskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarétt varaðandi allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

## Starfsáætlun

Foreldraráð Kiðagils fundar tvisvar á ári, að hausti og að vori, eða eftir þörfum.

## Starfsreglur foreldraráðs Kiðagils

1. Ráðið heitir Foreldraráð Kiðagils og í því eru 3-4 foreldrar nemenda við leikskólann Kiðagil.
2. Foreldraráð skal kosið á aðalfundi foreldrafélags Kiðagils, ár hvert.
3. Leikskólastjóri ber ábyrgð á að boða til fyrsta fundar eftir aðalfund foreldrafélags. Á þeim fundi skiptir ráðið með sér verkum, formaður, ritari og meðstjórnandi.
4. Leikskólastjóri setur upplýsingar um nýtt foreldraráð, lög um foreldraráð, starfsreglur og fundargerðir á heimasíðu leikskólans.
5. Aðstoðarskólastjóri situr fundi ráðsins í fjarveru skólastjóra.
6. Foreldraráðsfulltrúar undirrita þagnarskyldu á fyrsta fundi ráðsins.
7. Ritari ritar fundargerð og kemur henni til skólastjóra og skal hann setja fundargerðina á heimasíðu skólans.
8. Foreldraráð og skólastjóri geta boðað til funda þegar þörf þykir.
9. Foreldraráð gefur umsögn um starfsáætlun deilda og leikskóladagatal.
10. Leitast skal við að í ráðinu séu forelrar barna á mismunandi aldurstigum. Einnig að a.m.k. einn fulltrúi haldi áfram næsta ár á eftir til að tryggja samvelli í starfi ráðsins.
11. Einn fulltrúi foreldraráðs skal einnig sitja í stjórn foreldrafélags.
12. Í lok starfstímabils, á aðalfundi að hausti, gerir formaður ráðsins grein fyrir starfi ráðsins síðastliðið ár.

Samþykkt október 2219